

Fimmtudaginn 4. júní 1992.

Nr. 98/1992.

Ákærvaldið

(Björn Helgason saksóknari)
gegn

Ágústi Sigurlaugi Haraldssyni

(Jón Oddsson hrl.).

Fjársvik. Tilraun. Vátrygging. Skaðabætur. Skilorð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Ríkissaksóknari áfrýjaði máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 12. febrúar 1992. Af hálfu ákærvaldsins er þess krafist, að ákærði verði sakfelldur samkvæmt ákæru og dæmdur til refsingar og til greiðslu skaðabóta.

Eldur varð skyndilega laus í stýrishúsi báts ákærða um kl. 7.45 mánudagsmorguninn 25. febrúar 1991, þar sem hann lá við bryggju í smábátahöfninni í Grindavík. Að sögn vitna magnaðist eldurinn fljótt, og var báturinn alelda þegar slökkvilið kom kl. 8.00, og var yfirbyggingin brunnin niður. Enginn varð var mannaferða í bát ákærða á þessum tíma. Skýrslur voru teknar af vitnum hjá lögreglunni í Grindavík. Ákærði sagði við skýrslutöku samdægurs, að hann hefði farið í bátinn föstudagskvöldið áður og kveikt upp í olíukyntri kabyssu og látið loga í henni, er hann fór heim um kvöldið. Á laugardeginum hefði hann komið aftur og aftur á sunnudeginum og þá enn skilið eftir logandi í kabyssunni og látið loga glatt. Yfirgaf hann bátinn um fjögurleytið á sunnudeginum.

Málið var sent Rannsóknarlögreglu ríkisins, og fóru þrír rannsóknarlögreglumenn til Grindavíkur snemma morguns fimmtudaginn 28. febrúar. Að lokinni frumrannsókn þeirra segir í skýrslu sama dag, að sú sé niðurstaða þeirra, að kveikt hafi verið í bátinum viljandi.

Ýmsar upplýsingar urðu til þess, að grunur féll á eiganda bátsins, ákærða í máli þessu. Tveir rannsóknarlögreglumenn yfirheyrðu ákærða sem grunaðan 7. mars. Þar kom fram, að hann tryggði bátinn hjá Sjóvá-Almennum hf. frá 8. janúar 1991 og að aflaverðmæti var ekki svo mikið, að hann gæti staðið í skilum við kaupleigufyrir-

tækið, sem fjármagnað hafði kaup hans á bátnum 1988. Hann kvaðst hafa gert ýmsar ráðstafanir til að selja bátinn. Enn fremur hefði hann reynt að fá meðaltalskvóta eða krókaleyfi. En þar kom í yfirheyrslu þessari, að ákærði skýrði frá því, að hann hefði vísitandi gert þær ráðstafanir, sem kunni að hafa leitt til þess, að eldur varð laus í bátnum, eins og greint er í málavaxtalýsingu í héraðsdómi. Skýrslu sína las ákærði yfir að nýju hjá rannsóknarlögreglunni 25. maí 1991 og kvaðst ekkert frekar hafa um málið að segja.

Þessa lýsingu á verknaði tók ákærði eigi að öllu leyti aftur fyrir sakadómi, heldur lagði hann þar áherslu á, að ofmælt væri, að hann hefði af ásetningi gert ráðstafanir til þess, að eldur kviknaði.

Atferli ákærða, er hann yfirgaf bát sinn í Grindavíkurhöfn 24. febrúar 1991 um kl. 16.00, hlýtur að teljast tortryggilegt. Hann skildi við kabyssu, sem glatt logaði í, og eldfima hluti nálægt, þar á meðal brúsa með bensíni í. Fór ákærði síðan heim til sín í Kópavog. Mátti ljóst vera, að verulegar líkur voru á íkveikju, ef slægi niður í kabyssunni. Eldur varð og laus í bátnum morguninn eftir, og er ekkert annað í ljós leitt en það hafi einmitt verið af þessum sökum. Ekki er unnt að líta hér fram hjá þeim framburði ákærða hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins 7. mars 1991, að hann hefði gengið þannig frá í bátnum gagnert í þeirri von, að eldsvoði yrði og hann losnaði þar með undan þeim skuldabagga, sem báturinn var honum. Þennan framburð las hann, sem fyrr segir, yfir að nýju hjá rannsóknarlögreglunni 25. maí 1991. Síðari skýringar hans fyrir dómi á þessum framburði þykja ótrúverðugar.

Þegar til þessa er litið svo og þess, að ákærði var í miklum fjárhagsörðugleikum vegna skulda, er á bátnum hvíldu, og þess, að hann hafði skömmu áður keypt váttryggingu fyrir nánast sömu fjárhæð og skuldunum nam, er nægilega sannað, að ákærði hafi viljandi gert ráðstafanir í því skyni, að báturinn eyðilegðist í eldi og að váttryggingarbætur fengjust greiddar fyrir brunatjónið. Varðar þessi háttsemi ákærða við 248. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Afleiðingar af framangreindum eldsvoða urðu einnig þær, að landfestartóg bátsins Þrastar, GK-38, sem bundinn var utan á báti ákærða, brunnu í sundur og bátinn rak vestur eftir höfninni og tók niðri í grjóttgarðinum í höfninni og skemmdist, auk þess sem hann

skemmdist af eldi og hita. Verður að telja þetta beina afleiðingu af verknaði ákærða og varða við 2. mgr. 257. gr. almennra hegningarlaga. Hefur eigandi bátsins, Kristján Ragnar Sigurðsson, gert skaðabótakröfu á hendur ákærða vegna þessa, 215.800 krónur, og er ekki ágreiningur um þá fjárhæð.

Refsing ákærða vegna þessarar tilraunar til fjársvika og fyrir eignaspjöll þykir hæfilega ákveðin fangelsi í sex mánuði. Fullnustu fjögurra mánaða refsivistar þykir mega fresta, og skal hún niður falla að liðnum þremur árum frá uppkvaðningu dómsins, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Eftir þessari niðurstöðu ber með vísan til 145. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála að dæma ákærða til að greiða Kristjáni Ragnari Sigurðssyni skaðabætur, að fjárhæð 215.800 krónur, með vöxtum, eins og í dómsorði segir.

Dæma ber ákærða til að greiða allan sakarkostnað í héraði og áfrýjunarkostnað, eins og í dómsorði segir.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Ágúst Sigurlaugur Haraldsson, sæti fangelsi sex mánuði, en fresta skal fullnustu fjögurra mánaða refsivistar, og skal hún niður falla að liðnum þremur árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði Kristjáni Ragnari Sigurðssyni 215.800 krónur í skaðabætur með vöxtum frá 26. febrúar 1991 til greiðsludags eftir 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. nú 2. gr. laga nr. 67/1989.

Ákærði greiði allan sakarkostnað í héraði svo og áfrýjunarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 80.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns í héraði og fyrir Hæstarétti, Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmanns, samtals 120.000 krónur.

Dómur sakadóms Kópavogs 4. febrúar 1992.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 4. september 1991, „á hendur Ágústi Sigurlaugi Haraldssyni, Álfhólsvegi 108, Kópavogi, fæddum 18. mars 1957, fæðingarnúmer 505, fyrir eftirgreind hegningarlágabrot, framin 24. febrúar 1991.

I.*Tilraun til fjársvika.*

Að hafa, áður en hann fór frá borði í bát sínum, Arnari, RE 212, sem lá bundinn í smábátahöfninni í Grindavík við Eyjabakka, um kl. 16.00 sunnudaginn 24. febrúar, vitandi, að kabyssan gat slegið niður, aukið brennsluna í henni til háls og sett olíubleyttan handþurrkupappír við hlið hennar, sett þriggja lítra bensínbrúsa, sem var hálfur af bensíni, ofan á þilið við hliðina á kabyssunni og skorðað hann á nagla, sem negldur var í þilið að framanverðu. Þetta gerði ákærði í því skyni, að eldur kviknaði í bátnum, sem og varð snemma mánudagsmorguns 25. febrúar, en þá eyðilagðist báturinn í eldi. Vakti fyrir ákærða, að tryggingarbætur yrðu greiddar fyrir brunatjón, en báturinn var váttryggður fyrir 3.500.000 kr. tímabilið 8. janúar 1991 til 30. apríl 1992 hjá Sjóvá-Almennum tryggingum hf., Kringlunni 5, Reykjavík, en með þessum hætti ætlaði ákærði að losna undan skuldbindingum vegna fjármögnunarleigusamnings um ofangreindan bát við leigusala, Lind hf., Ingólfsstræti 3, Reykjavík.

Telst þetta varða við 248. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

II.*Eignaspjöll.*

Afleiðingar af framangreindum eldsvoða urðu einnig þær, að landfestartóg bátsins Þrástar, GK-38, sem bundinn var utan á Arnari, brunnu í sundur og bátinn rak vestur eftir höfninni og tók niðri og barðist í grjóttgarðinum milli Miðgarðs og Kvíabryggju í Grindavíkurhöfn og skemmdist, auk þess sem hann skemmdist af eldi og hita.

Telst þetta varða við 2. mgr. 257. gr. almennra hegningarlaga.

III.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar“.

Málavaxtalýsing.

Samkvæmt skýrslu lögreglunnar í Keflavík, Grindavík, Njarðvík og Gullbringusýslu var kl. 7.50 tilkynnt, að kviknað hefði í bát við smábátahöfnina

í Grindavík. Þegar lögreglan kom á staðinn, var slökkvilið Grindavíkur þegar byrjað að slökkva eldinn í bátnum, sem lá við suðvesturhlið bryggjunnar. Í ljós kom, að kviknað hafði í vélbátnum Arnari, RE-212, 6 tonna frambyggðum trefjaplastsbát, og var hann alelda, þegar lögreglan kom á vettvang.

Báturinn Þróstur, GK-88, hafði legið utan í Arnari, RE-212. Höfðu landfestartóg brunnið og báturinn losnað, og barðist hann um í grjóttgarðinum á milli Miðgarðs og Kvíabryggju á móts við fiskverkunarstöð Vísis hf. við Seljabót. Hafði eiganda bátsins tekist að komast upp í bátinn og koma vélinni í gang og komið Þresti, GK-88, í skjól við bryggjuna Svíragarð.

Lögreglan hafði tal af mönnum þarna á staðnum, m.a. eiganda bátsins Þrastar, GK-88, og kom fram í samtalinu við hann, að eigandi Arnars, RE-212, hafði fjarlægt öll tæki úr bátnum föstudaginn 24. febrúar sl. Annar smábátseigandi, Guðmundur Eggertsson, sagði lögreglunni, að eigandi vélbátsins Arnars, RE-212, reri ekki á bátnum, þar sem hann væri búinn að flytja allan kvótann yfir á annan bát, Fjalar Vagn, SH-330. Einnig hefði hann verið búinn að fjarlægja öll siglingatæki úr bátnum.

Rannsóknarlögregla ríkisins gerði vettvangskönnun 27. febrúar 1991, en búíð var að koma bátnum fyrir inni í skemmu og breiða plastdúk yfir hann.

Rannsóknaraðferðum rannsóknarlögreglumanna er lýst í skýrslu þeirra, en í ályktun þeirra segir: „Það eru niðurstöður rannsakara á rannsókn þessari, að kveikt hafi verið í bátnum viljandi með þeim hætti að hella eldfim-um vökva yfir gólf í stýrishúsi og bekk í lúkar bakborðs megin og bera síðan eld að.“

Rannsóknastofa Háskóla Íslands í lyfjafræði fékk sýni send, sem tekin höfðu verið úr setu bakborðs megin, úr setu stjórnborðs megin og úr setu til samanburðar. Í niðurstöðu prófessors Þorkels Jóhannessonar, dags. 8. mars 1991, segir: „Í sýni 1 var mikið bensín. Í sýnum 2 og 3 var einnig lítið eitt af bensíni, en a.m.k. hundrað sinnum minna en í sýni 1. Niðurstöður þessara rannsókna benda þannig sterklega til þess, að setur þær, sem sýnin voru tekin úr og í beiðninni ræðir, hafi verið vættar með bensíni.“

Í skýrslu, er tekin var af ákærða hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins hinn 7. mars 1991, mótmælir hann því í fyrstu að hafa kveikt í bátnum. Síðar í sömu yfirheyrslu viðurkennir ákærði eftirfarandi háttsemi: „Ég játa það að hafa viðhaft ákveðnar aðgerðir um borð í bátnum, sem voru eftirfarandi: Áður en ég fór frá bátnum, sem var á þeim tíma, er ég hef áður greint frá, þá jók ég brennsluna í kabyssunni til hálf. Við hlið hennar setti ég olíubleyttan handþurrkuppír. Ofan á þilið við hliðina á kabyssunni setti ég þriggja lítra bensínbrúsa, sem var hálfur af bensíni, og skorðaði hann á nagla, sem var negldur á þilið að framanverðu. Þetta gerði ég vísvitandi og með von um, að þessar ráðstafanir yrðu til þess, að eldur kviknaði

í bátnum, eins og svo varð raunin. Ég vissi, að kabyssan gat slegið niður, þar sem það gerðist einu sinni hjá mér, þegar hún var mjög lágt stillt, en í það skipti kom glóð í tusku, sem lá yfir þilinu, þar sem ég setti bensínbrúsann.“

Ákærði kvaðst ekki vita, hvernig bensín hefði komist í sessuna á bekknum bakborðs megin. Hann taldi ekki ósennilegt, að gat hefði komið á brúsann og bensínið lekið yfir sessuna, þar sem brúsinn hafði verið settur fyrir ofan sessuna. Þá benti ákærði á það, að í stýrishúsinu hefði einnig verið að finna terpentínubrúsa og brúsa með hráolíu, sem hann hefði notað til að fylla á tank kabyssunnar. Hefði olíubrúsinn verið settur rétt fyrir innan dyrnar á stýrishúsinu.

Þá gerir ákærði enn fremur eftirfarandi játningu: „Ég geri mér það ljóst, að vegna stormsins, sem var í Grindavíkurhöfn aðfaranótt mánuðagsins 25.2. sl., voru meiri líkur á því en ekki, að slægi niður í kabyssunni. Ég kannaði ekki með veðurspá, áður en ég framkvæmdi þessa hluti.“

Ákærði kvaðst ekki hafa ráðfært sig við neinn, áður en hann hófst handa. Hann kvaðst einn hafa tekið þessa ákvörðun og hafa bundið við það vonir, að með því móti gæti hann losnað við þann skuldabagga, sem báturinn var honum.

Ákærða minnti, að útvarpstæki, lítil talstöð og lóran hefðu verið í bátnum. Síðar í yfirheyrslunni sagði ákærði, að vel mætti vera, að lóraninn væri geymdur í hesthúsi bróður síns ásamt öðrum tækjum úr bátnum, eins og dýptarmælir o. fl.

Fyrir dómi dró ákærði fyrri framburð sinn hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins til baka. Ákærði mótmælti algerlega, að eldsupptök í bátnum Arnari, RE-212, mætti rekja til athafna sinna. Hélt ákærði því fram, að framburðurinn hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins hefði verið annar en skráður hefði verið í skýrslum RLR. Hélt ákærði því fram, að hann hefði óskað eftir, að framburðurinn yrði leiðréttur, en ekki fengið það. Þá skýrði ákærði frá því, að hann hefði fengið aðra skýrslu til yfirlestrar að yfirheyrslu lokinni hjá RLR, en hann síðan undirritað. Taldi ákærði, að skýrslur þessar hefðu ekki verið efnislega samhljóða.

Fyrir dómi viðurkenndi ákærði að hafa verið að vinna um borð í bát sínum, Arnari, RE-212, frá föstudeginum 22. febrúar til sunnudagsins 24. febrúar 1991. Hefði hann á föstudeginum kveikt í kabyssunni og látið loga á henni allan sólarhringinn þessa daga. Hefði það verið ætlun sín að láta kabyssuna brenna alla olíuna, sem á tanknum var. Hélt hann því fram, að það hefði verið ætlun sín að koma aftur um borð á mánudeginum, og kvaðst hafa ráðgert, að loga myndi á kabyssunni fram að þeim tíma á mánudeginum, sem hann þyrfti að yfirgefa bátinn. Hefði hann ekki ráðgert

að koma síðan í bráð að vitja bátsins. Taldi ákærði ekki varhugavert að yfirgefa bátinn, þegar logaði á kabyssunni.

Ákærði kvaðst hafa verið að vinna í bátnum um helgina. Hefði hann m. a. verið að taka upp oliutank, sem hefði verið lekur. Hefði hann því verið með kámugar hendur í olíu og þurrkað sér í handþurrkupappír. Hefði hann hent pappírnum frá sér án þess að huga að því, hvar hann lenti. Mótmælti ákærði fyrir dómi frásögn sinni hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins sem rangri, þar sem sagt er, að hann hafi sett oliubleyttan handþurrkupappír við hlið kabyssunnar. Ákærði sagði enn fremur það rétt vera, að hann hefði aukið brennslu í kabyssunni, áður en hann hefði yfirgefið bátinn. Það hefði hann gert til þess, að síður slægi niður í henni. Þá sagði ákærði það rangt vera, að hann hefði sett þriggja lítra bensínbrúsa, sem hefði verið hálfur af bensíni, ofan á þilið við hliðina á kabyssunni og skorðað hann á nagla, sem hefði verið negldur í þilið að framanverðu. Ákærði viðurkenndi að hafa sagt þetta hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins. Hins vegar ætti þessi framburður sér ekki stoð í veruleikanum. Ákærði hélt nú fram, að ekki væri unnt að negla nagla á þeim stað, sem lýst er í ákæruskjali, þar sem þar sé álpil og ekki hægt að reka þar nagla. Fyrir dómi gat ákærði ekki skýrt það, hvers vegna hann lýsti aðstæðum ranglega hjá RLR. Hélt ákærði því nú fram, að hann hefði að öllum líkindum skilið bensínbrúsann eftir á bekknum bakborðs megin ásamt terpentínu- og þurrkefnisbrúsa. Ákærði hélt því fram, að hann hefði sett lok á bensínbrúsann, en ekki mundi hann, hvort brúsarnir hefðu staðið eða legið á bekknum. Taldi hann ekki útilokað, að lekið hefði með tappanum. Ákærði kunni engar skýringar á því, hvers vegna u. þ. b. hundraðfalt meira af bensíni fannst í sessu bakborðs megin en stjórnborðs megin. Taldi ákærði helst, að lekið hefði með tappa eða gat komið á bensínbrúsann. Fyrir dómi skýrði ákærði svo frá, að hugsanlega mætti rekja eldsupptök til gassprengingar. Fyrir dómi var borinn undir ákærða framburður Lúðvíks Eiddssonar rannsóknarlögreglumanns, þar sem Lúðvík heldur því fram fyrir dómi, að ákærði hafi sagt sér, að umræddan nagla hafi hann gjarnan notað til þess að hengja vettlinga á. Ákærði kannaðist ekki við að hafa sagt Lúðvík þetta.

Ákærði gerði fjármögnunarleigusamning við Lind hf. fyrri hluta árs 1988 um kaup á Arnari, RE-212. Kaupverð bátsins var 2.220.000 kr. eða nálægt því. Minnti ákærða, að hann hefði lagt fram 400.000-500.000 krónur í byrjun. Hefði hann byrjað að gera út á Arnari, RE-212, um miðjan apríl 1988. Ákærði sagði, að útgerðin hefði gengið ágætlega fyrsta árið, en mjög illa annað árið. Síðasta árið hefði fiskast sæmilega, en vegna meiðsla hefði ákærði lítið getað stundað sjóinn. Ákærði skýrði frá því fyrir dómi, að hann hefði átt að borga af kaupverði bátsins til Lindar hf. rúmlega 80.000 kr. á þriggja mánaða fresti. Þetta hefði hann gert þar til um vorið 1990.

Hefði hann verið í vanskilum við Lind hf. frá þeim tíma. Ákærði sagði, að uppgjörsmálið við Lind hf. hefði verið í biðstöðu, þar sem verið væri að biða eftir því, hvort Arnari, RE-212, yrði úthlutað einhverjum meðaltalskvóta eða veitt yrði krókaleyfi. Þau mál voru enn óafgreidd, þegar báturinn brann. Ákærði hélt því fram, að hann hefði engan hag haft af því, að báturinn brynni. Sagði hann, að hagsmunum sínum hefði verið betur borgið, ef hann hefði getað selt bátinn. Það hefði einmitt verið ætlun sín, og hefði hann verið búinn að finna kaupanda að bátnum vestur á Snæfellsnesi. Hefði hann verið að biða eftir afgreiðslu á umsókn um meðaltalskvóta, þegar báturinn hefði brunnið.

Eftirtalin vitni komu fyrir dóm:

Porkell Guðmundsson slökkviliðsstjóri, kt. 290951-7069, staðfesti fyrir dómi framburð sinn hjá rannsóknarlögreglu. Sagði hann, að slökkviliðið hefði fengið útkall um kl. 7.54. Það hefði tekið u. þ. b. þrjár mínútur að komast niður á bryggju, og hefði báturinn þá verið alelda. Vitnið kvað aftakaveður hafa verið þennan morgun á austan. Ógjörningur sé að segja til um eldsupptök. Hafi allt brunnið, sem brunnið gat. Í skýrslu, sem vitnið gaf hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins, kom fram, að vitnið taldi, að engin hætta hefði verið á ferðum fyrir aðra báta þarna á staðnum, því að Arnar, RE-212, hefði staðið einn og sér sunnan megin við flotbryggjuna, en tveir smábátar verið norðan megin við hana.

Ívar Þórhallsson verkstjóri, kt. 221133-2899, staðfesti fyrir dómi skýrslu, er hann gaf hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins. Vitnið kvaðst hafa komið niður að höfn um kl. 7.30 þennan umrædda morgun. Kvaðst vitnið þá ekki hafa merkt neitt óvenjulegt. Vitnið kvaðst hafa farið inn í vinnuskúr, og er það hefði komið út nokkru síðar, hefði það tekið eftir bjarma hjá flotbryggjunni og séð þá, hvar báturinn var að brenna. Í sömu svifum hefði slökkvilið komið á vettvang.

Sveinbjörn Ægir Ágústsson lögregluvarðstjóri, kt. 280154-4159, staðfesti fyrir dómi skýrslu, er hann ritar við lögreglurannsókn. Vitnið sagði, að útkallið hefði komið laust fyrir kl. 8.00 um morguninn. Lögreglan hefði verið komin á vettvang um fimm mínútum síðar. Hefði báturinn verið alelda, en greiðlega gengið að ráða niðurlögum eldsins. Guðmundur Eggertsson, sem hefði verið á vettvangi, upplýsti, hver væri eigandi bátsins, og tilkynnti lögreglan eiginkonu hans um brunann. Um það bil tveimur tímum síðar hefði eigandi bátsins komið á staðinn. Vitnið kvað mjög hvasst hafa verið þennan morgun. Þá kom fram í frásögn vitnisins, að lögreglunni voru eldsupptök ekki ljós. Henni hefði hins vegar fundist aðstæður á vettvangi grunsamlegar, m.a. vegna þess, að oliutankur stóð á bryggjunni hjá bátnum.

Kristján Ragnar Sigurðsson verkstjóri, kt. 120431-7499, staðfesti fyrir dómi skýrslu, er hann gaf hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins, að öðru leyti en því, að hann vildi ekki staðfesta, að „öll“ tæki hefðu verið fjarlægð úr bátnum. Sagði vitnið fyrir dómi, að það hefði veitt því athygli, að tæki hefðu verið fjarlægð úr Arnari, RE-212. Kristján Ragnar er eigandi bátsins Þrastar, GK-38, sem hafði verið bundinn utan á Arnari, RE-212. Gekk vitnið því um bát ákærða til þess að komast yfir í sinn bát. Vitnið kvaðst síðast hafa gengið um bát ákærða um hádegisdaginn 22. febrúar 1991. Enginn hefði verið um borð, og ekki kvaðst vitnið hafa veitt því athygli, hvort búið væri að kveikja upp í kabyssunni. Á hinn bóginn veitti vitnið því athygli, að búið var að fjarlægja tæki um borð, sem áður höfðu verið þar. Vitnið treysti sér ekki til þess að nefna þau tæki, sem höfðu verið fjarlægð.

Vitnið hefur lagt fram bótakröfu í málinu vegna skemmda, er bátur þess, Þróstur, GK-38, varð fyrir, sem endanlega var að fjárhæð 215.800 kr., og er þá eftir að taka tillit til virðisaukaskatts. Ákærði mótmælti því, að sér bæri að greiða umrædda kröfu, þar sem hann væri saklaus af þeim verknæði, sem sér væri gefinn að sök í ákæruskjali. Kæmist dómurinn á hinn bóginn að gagnstæðri niðurstöðu, lýsti ákærði þeirri skoðun sinni, að fjárhæð bótakröfunnar, eins og hún er sundurliðuð á dskj. nr. 7, væri sanngjörn, og kvaðst vera reiðubúinn til þess að greiða hana með þeim fyrirvara, að hann bauðst til þess að flytja bátinn á milli Kristjáni að kostnaðarlausu.

Guðni Ástþór Haraldsson, kt. 260654-7999, lögmaður Lindar hf., upplýsti fyrir dómi, að ákærði skuldaði Lind hf. um 4,6 milljónir króna. Standa nú yfir samningaviðræður við tryggingafélagið Sjóvá-Almennar um það, að það greiði Lind hf. tryggingarbæturnar. Arnar, RE-212, hefði verið húftryggður fyrir 3.500.000 krónur. Enn fremur hvíli á bátnum lán frá Bygðastofnun, að fjárhæð 1.596.000 kr. Lind hf. hafi tekið við tækjum úr bátnum, sem hafi verið metin á 200.000 kr., en Lind hafi selt þau á 90.000 krónur. Enn fremur hafi kvótinn, sem fylgdi bátnum, verið metinn á 7,9 þorskígildistonn, sem séu jafnvirði u.þ.b. 1.500.000 króna. Enn fremur kom fram hjá vitninu, að fjárhæð váttryggingarfjárins miðaðist við það, að öll tæki væru í bátnum. Þar sem ákærði hafi nú fjarlægt úr bátnum tæki, hafi Sjóvá-Almennar tryggingar hf. farið fram á það, að váttryggingarbætur lækkuðu um 400.000 kr. Vitnið sagði því ljóst vera, að Lind hf. kæmi til með að tapa fjármunum vegna þessara viðskipta.

Lúðvík Jóhannes Eiðsson rannsóknarlögreglumaður hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins, kom fyrir dóm og gaf skýrslu, en hann stýrði yfirheyrslum yfir ákærða hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins. Vitnið mótmælti harðlega framburði ákærða, að svör ákærða hefðu verið umorðuð og bókað annað eftir honum en hann hefði sagt. Enn fremur sagði vitnið það alrangt hjá

ákærða, að það hefði neitað að gera leiðréttingar á framburði ákærða, eins og ákærði hefði farið fram á. Því til staðfestingar benti vitnið á, að þegar ákærði kom til RLR 27. maí 1991 og hefði lesið framburðarskýrslu sína frá 7. mars 1991, hefði hann að lestri loknum ekki óskað eftir að gera neinar athugasemdir. Bendir Lúðvík á, að hér hafi ákærða gefist kostur á að gera athugasemd við skýrslu sína frá 7. mars 1991, hafi hann talið ástæðu til þess. Þá tekur Lúðvík enn fremur fram, að 27. maí 1991 las ákærði skýrslu þá, sem liggur hér fyrir dómi. Vitnið skýrði frá því, að þegar yfirheyrslunni hafi lokið 7. mars 1991, en hún hefði tekið langan tíma, hafi skýrslan verið prentuð út á samfelldan pappír og ákærða afhent hún til yfirlestrar. Á meðan ákærði hafi verið að lesa skýrslu sína yfir, hafi vitnið lesið skýrsluna yfir um tölvukerfið og leiðrétt hana í gegnum (sic) orðabókina. Að því búnu hafi skýrslan verið prentuð út á skýrslueyðublöðum Rannsóknarlögreglu ríkisins og ákærða afhent eintakið til undirritunar. Vitnið mótmælti því harðlega, að skýrslunni hefði verið efnislega breytt, heldur einungis prentvillur leiðréttar. Enn fremur bendir vitnið á, að ákærði hafi getað lesið þetta eintak yfir, ef hann hefði óskað, enda ritað upphafsstafi sína á hverja síðu og undirritað skýrsluna einnig. Vitnið kvaðst engar skýringar geta gefið á því, hvers vegna ákærði breytti fyrir dómi framburði sínum um staðsetningu bensínbrúsans. Vitnið benti á, að ákærði hefði tvisvar lesið yfir framburðarskýrslu sína og ekki gert við hana neinar athugasemdir. Þá vakti vitnið enn fremur athygli á því, að framburður ákærða fyrir dómi um þetta atriði hefði ekki stóð í niðurstöðum rannsóknarinnar á vettvangi, þar sem ekki hefði fundist bráðið eða óbráðið ál í lúkar. Hefði kabyssan verið afgirt með álplötum, eins og ákærði vill halda fram, þá hefðu sést ummerki þess í lúkarnum. Vitnið skýrði frá því, að hlífðarplata úr plasti hefði verið á síðu bátsins fyrir aftan kabyssuna. Þá skýrði vitnið frá því, að ákærði hefði verið inntur eftir skýringum á því, hvers vegna fundist hefði bensín í setunum. Ákærði hefði ekki getað skýrt það með öðru en segja, að sennilega hefði bensínbrúsinn bráðnað og bensínið flætt niður á þilið og á setuna bakborðs megin. Ákærði hefði hins vegar ekki getað skýrt það, hvers vegna bensín fannst í setunni stjórnborðs megin.

Gylfi Gylfason, kt. 280164-3999, rannsóknarlögreglumaður hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins, vann að rannsókn málsins ásamt Lúðvík Eiðssyni. Vitnið mótmælti þeim framburði ákærða sem röngum, að svör ákærða hefðu verið umorðuð og honum hefði verið neitað um að fá þeim breytt á þann veg, sem hann hefði óskað. Því til staðfestingar benti vitnið á, að ákærði hefði ekki óskað eftir að gera neinar athugasemdir, þegar hann las skýrslu sína síðar yfir hjá RLR.

Sakaferill ákærða.

Ákærði hefur tvisvar sæst á sektargreiðslur fyrir dómi, fyrra sinnið árið 1982 fyrir brot á umferðarlögum og síðara sinnið árið 1990 fyrir brot gegn 244. gr. alm. hegningarlaga. Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann eigi sætt öðrum refsingum.

Niðurstaða.

Í lið I í ákæruskjali er ákærði ákærður fyrir háttsemi, er telst varða við 248. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Forsendan fyrir broti gegn 248. gr. almennra hegningarlaga er sú, að ákærði hafi kveikt í bát sínum, og síðan þarf að sanna, að það hafi verið gert í því skyni, að tryggingarbætur yrðu greiddar fyrir brunatjón.

Ákæran er reist á játningu ákærða við rannsókn málsins hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins. Verksaðarlýsing ákærða er ekki studd öðrum sönnunargögnum, svo sem framburði vitna eða niðurstöðum brunamálastjóra ríkisins um eldsupptök. Í niðurstöðum Rannsóknarlögreglu ríkisins á eldsupptökum er að finna frávík um aðdraganda eldsupptakanna frá framburði ákærða hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins, þar sem segir, að kveikt hafi verið í bátnum viljandi með þeim hætti að hella eldfimum vökva yfir gólf í stýrishúsi og bekk í lúkar bakborðs megin og bera síðan eld að. Skýrsla Rannsóknarlögreglu ríkisins er rituð, áður en niðurstöður frá Rannsóknastofu háskólans í lyfjafræði voru kunnar. Ekki liggja fyrir í málinu aðrar rannsóknir um eldsupptök. Þá hefur framburður vitna ekki varpað ljósi á aðdraganda eldsvoðans.

Það er álit dómsins, að ekki sé unnt að leggja til grundvallar sönnunarmati í máli þessu framburð ákærða við yfirheyrslur hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins. Á hinn bóginn þykir ákærði eigi hafa gefið haldbæra skýringu á afturköllun sinni hér fyrir dóminum á fyrri framburði sínum. Hafa báðir rannsóknarlögreglumennirnir skýrt svo frá fyrir dómi, að ákærði hafi ekki haft uppi nein mótmæli gegn efni skýrslanna, sem ákærði hafi staðfest hér fyrir dóminum að hafa gefið.

Niðurstaðan er því sú, að gegn eindreginni neitun ákærða fyrir dómi verður sök hans ekki byggð á játningu hans hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins. Ákærði skal því vera sýkn af öllum kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Af hálfu ákæruvaldsins sótti málið Björn Helgason saksóknari.

Sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þ. m. t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmanns, sem þykja hæfilega metin 80.000 krónur.

Ólöf Pétursdóttir héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Ágúst Sigurlaugur Haraldsson, skal vera sýkn af öllum kröfum ákæruvaldsins í málinu.

Sakarkostnaður, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmanns, 80.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.
